

Reykjavík, 3. september 2018
1808181/0.5.2.2/jjh

Dreifibréf Embættis landlæknis Nr. 1/2018 Tilkynning frá sóttvarnalækni

Efni: Bólusetning gegn árlegri influensu

Þrígild bóluefni gegn influensu A og B hafa nú verið framleidd fyrir veturinn 2018–2019 samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Þau innihalda eftirtalda stofna:

- A/Michigan/45/2015 (H1N1)pdm09 - líkur stofn
- A/Singapore/INFIMH-16-0019/2016 (H3N2) - líkur stofn
- B/Colorado/06/2017- líkur stofn (uppruni B/Victoria/2/87).

Frá árinu 2007 hefur sóttvarnalæknir, samkvæmt útboði, tryggt kaup á 65.000 skömmtum af árlegu influensubóluefni. Á þessu ári verða keyptir 65.000 skammtar af [Influvac](#) og verður bóluefnið tilbúið til afhendingar fyrir heilsugæslustöðvar og sjúkrahús 10. september nk.

Sóttvarnalæknir hefur ákveðið eftirfarandi fyrirkomulag á sölu og dreifingu Influvac veturinn 2018/2019 að höfðu samráði við yfirlækna heilsugæslunnar.

- 1) Frá og með 10. september nk. munu heilsugæslustöðvar, lækna- og aðrar sjúkrahús geta pantað bóluefni hjá Icepharma í gegnum Parlogis sem annast dreifingu bóluefnisins. Magn bóluefnis sem áætlað er á hverja stöð/stofu/stofnun er í samræmi við dreifingu bóluefnisins veturinn 2017/2018.
- 2) Tveimur vikum síðar eða frá og með 24. september nk. munu aðrir aðilar sem leyfi hafa til bólusetningar geta pantað bóluefnið hjá Parlogis meðan birgðir endast.

Ofangreint fyrirkomulag er gert skv. sóttvarnalögum nr. 19/1997 og reglugerð um bólusetningar nr. 221/2001 en þar er kveðið á um skyldur og ábyrgð sóttvarnalæknis til að skipuleggja og samræma bólusetningar á Íslandi. Fyrirkomulaginu er ætlað að tryggja forgang áhættuhópa að influensubólusetningunni.

Afhending er ókeypis frá seljanda til kaupenda hjá Parlogis ehf., (þ.m.t. í Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Garðabæ, Álftanesi og Seltjarnarnesi) og á pósthús eða viðeigandi flutningamiðstöð til kaupenda utan fyrrgreinds svæðis. Allir sem panta bóluefnið hjá Parlogis þurfa að greiða fullt innkaupsverð bóluefnanna skv. samningi sóttvarnalæknis við Icepharma og ræðst endanlegt verð af lyfjaverðskrárgengi septembermánaðar 2018.

Innkaupsverð bóluefnisins er **384 kr. með vsk.**

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við influensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.

- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.
- Þungaðar konur.

Sóttvarnalæknir mælist til þess að ofangreindir forgangshópar fái bóluefnið sér að kostnaðarlausu en til að svo megi verða þarf einungis að krefja þessa einstaklinga um greiðslu fyrir umsýslukostnaði.

Sóttvarnalæknir endurgreiðir innkaupsverð bóluefnisins fyrir þessa forgangshópa (ekki umsýslukostnað) en þá þarf að senda reikning til Embættis landlæknis og á honum þarf að koma fram:

- Númer reiknings, nafn stofnunar, fjöldi skammta og einingarverð bóluefnis.
- **Rafrænt** fylgiskjal (excel) þarf að senda samhliða reikningi til sóttvarnalæknis með: Kennitölum hinna bólusetta, dagsetningu bólusetninga, nafni bóluefnis og hvaða áhættuhópi einstaklingarnir tilheyra.

Ath. að reikningar bóluefnisins fyrir tímabilið 2018/2019 verða að berast fyrir 1.8.2019.

Ath. að reikningar sem ekki uppfylla ofangreindar kröfur verða ekki afgreiddir.

Rétt er að árétta að bólusetning gegn árlegri influensu verndar gegn influensu A(H1N1)v (svínainfluensu).

Nánari upplýsingar gefur Júlíana Héðinsdóttir aðstoðarmaður sóttvarnalæknis (juliana@landlaeknir.is) s. 510-1900.

Að gefnu tilefni er minnt á að einstaklinga má bólusetja jafnvel þó influensufaraldur sé hafinn því einungis tekur um 1–2 vikur að mynda verndandi mótefni eftir bólusetninguna.

Sóttvarnalæknir